



Ríkiskaup

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Fjárveitingar og rekstur	5
3.1	Fjárveitingar	5
3.2	Rekstraráætlun.....	5
3.3	Niðurstöður/ábendingar	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur	6
4.2	Umfjöllun	6
4.3	Niðurstöður/ábendingar	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Inngangur	7
5.1.1	Opinber innkaup og innkaupakort.....	7
5.1.2	Virðisaukaskattskil	7
5.2	Niðurstöður	7
6	Endurskoðun rekstrarliða	8
6.1	Sértekjur.....	8
6.2	Launagjöld.....	8
6.3	Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	8
6.4	Niðurstöður	8
7	Endurskoðun efnahagsliða	9
7.1	Eignir	9
7.1.1	Breytingar á efnahag 1.1.2017.....	9
7.1.2	Áhöld og búnaður	10
7.1.3	Viðskiptakröfur	10
7.1.4	Tengdir aðilar, ríkisaðilar	10
7.1.5	Handbært fé.....	10
7.2	Eigið fé og skuldir	10
7.2.1	Höfuðstóll	10
7.2.2	Tengdir aðilar, ríkisaðilar	11
7.2.3	Viðskiptaskuldir.....	11
7.2.4	Ýmsar skammtímaskuldir.....	11
7.3	Niðurstöður/ábendingar	11
8	Önnur atriði	12
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	12
8.2	Óhæðisyfirlýsing.....	12

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Ríkiskaupa fyrir árið 2017.

Ársreikningurinn, sem gerður er af Fjársýslu ríkisins, er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum frá stjórnendum. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ársreikningsins ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Nokkur breyting var á reikningsskilaaðferðum frá þeim sem giltu árið 2016. Reikningsskil skulu hér eftir alfarið vera á rekstrargrunni. Helstu breytingar að því er stofnefnahagsreikning og reikningsskil ársins 2017 varða eru eignfærsla og afskrift varanlegra rekstrarfjármuna. Skuldbinding vegna orlofs í árslok 2016 var færð til skuldar í stofnefnahagsreikningi og færð á eigið fé. Nánar er gert grein fyrir þessu í skýrslunni.

Síðasta endurskoðun ársreiknings Ríkiskaupa var vegna ársins 2011.

2 Niðurstöður og ábendingar

1. Fjárveitingar og rekstur

Tekjuafgangur varð af rekstri ársins 2017, alls 5,5 m.kr. og kemur hann til hækkunar uppsöfnuðum tekjuafgangi fyrri ára.

Í lok árs 2016 nam höfuðstóll samtals 5,1 m.kr. Við uppfærslu áhalda og búnaðar í stofnefnahagsreikningi þann 1.1.2017 hækkaði höfuðstóll um 12,3 m.kr. Auk þess hækkaði höfuðstóll um 5,5 m.kr. vegna tekjuafgangs ársins 2017 og nam hann samtals 22,8 m.kr. í árslok 2017.

2. Innra eftirlit

Ekki komu fram athugasemdir við skoðun innra eftirlits Ríkiskaupa.

3. Fylgni við lög og reglur

Ríkiskaup fylgir þeim lögum og reglum sem gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana en bókhaldið er fært í Orra, bókhaldskerfi ríkisins.

4. Rekstrarliðir

Við endurskoðun var minni háttar ábendingum komið á framfæri við stofnunina og vinnur hún að úrbótum.

3 Fjárveitingar og rekstur

3.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF) eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. Fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Rekstur Ríkiskaupa hefur til þessa verið fjármagnaður með sértekjum af útboðsþjónustu og umsýsluþóknun af rammasamningum. Hefur stofnuninni verið ætlað að standa alfarið undir eigin kostnaði með þessum tekjum. Til að styðja við stefnumótun í opinberum innkaupum var í fjárlögum 2017 gerð sú breyting á fjármögnun Ríkiskaupa að hætt var við að innheimta umsýsluþóknun af rammasamningsveldu A-hluta stofnana en í staðinn fékk Ríkisaup 101,2 m.kr. framlag út ríkissjóði. Aðildargjald er innheimt hjá öðrum opinberum stofnunum sem óska aðildar að rammasamningum.

Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu 95,7 m.kr. og voru þau því 5,5 m.kr. lægri en fjárveitingar gerðu ráð fyrir.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017 og rekstri ársins 2016:

Í m. kr.	Fjárveiting 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Sértekjur	-1.699,1	-1.555,6	-143,5	-1.583,2
Launagjöld	187,5	262,5	-75,0	270,5
Önnur rekstrargjöld	1.612,8	1.384,7	228,1	1.309,7
Afskriftir	0,0	4,1	-4,1	0,0
Samtals	101,2	95,7	5,5	-3,0

Lækkun sértekna milli ára stafar af því að stofnunin naut ekki lengur hluta umsýsluþóknunar af rammasamningum en hækkun annarra rekstrargjalda skýrist af aukinni innkaupaþjónustu við stofnanir ríkisins.

Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Auk þess var uppfærð orlofsskuldbinding í stofnefnahagsreikningi í upphafi árs.

3.2 Rekstraráætlun

Unnin var rekstraráætlun sem samþykkt var af fjármálaráðuneytinu og var hún færð í fjárhagskerfið, Orra. Tekjuafgangur nam 5,5 m.kr. en samkvæmt rekstraráætlun var gert ráð fyrir 5,2 m.kr. tekjuafgangi.

3.3 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við skoðun fjárveitinga stofnunarinnar.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstjóri Ríkiskaupa ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Ríkiskaup annast sjálf færslu bókhalds og greiðslu reikninga en útreikningur og greiðsla launa fer fram í launakerfi ríkisins. Forstjóri og rekstrarstjóri samþykkja reikninga og verkaskipting er milli þeirra sem sjá um greiðslu gjalda og færslu bókhalds. Fjárýsla ríkisins sér um gerð ársreiknings fyrir Ríkiskaup. Athuganir Ríkisendurskoðunar á samþykktum reikningum og greiðslu launa staðfesta virkni innra eftirlits.

Endurskoðunin var fólgin í skoðun á innra eftirliti tekjuskráningarkerfa Ríkiskaupa en um er að ræða fjögur undirkerfi: AP (lánardrottnar), AR (viðskiptamenn), PA (verkbókhald) og FA (eignakerfi) og er AR yfirkerfi hinna kerfanna og safnast tekjurnar allar saman í gegnum AR með reikningagerðinni. Við endurskoðun var gengið úr skugga um að samræmi væri á milli undirkerfanna og yfirkerfisins AR og með því tryggt að allar tekjur sem skráðar væru í hin mismunandi kerfi skiluðu sér að fullu til fjárhagsbókhalds. Við endurskoðun var spurst fyrir um feril við gerð reikninga. Fram kom að ákveðin hætta væri á að ekki væri gert ráð fyrir öllum kostnaði þegar reikningur væri skrifaður sem leiddi síðar til þess að tekjur lentu á öðru tímabili heldur en útgjöldin. Stofnunin er þó meðvituð um þessa áhættu og hafa tekjur verið leiðréttar vegna þessa. Auk þess voru hreyfingarlistar tekna skoðaðir og var ýmsum spurningum beint til stofnunarinnar.

4.3 Niðurstöður/ábendingar

Ekki komu fram athugasemdir við skoðun innra eftirlits hjá Ríkiskaupum.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárveitingar og rekstraráætlun í kafla 3.

Eftirtaldir liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2017:

5.1.1 Opinber innkaup og innkaupakort

Verklagsreglum um innkaup fyrir stofnunina og reglum ríkisins um notkun rammasamninga er fylgt.

5.1.2 Virðisaukaskattskil

Stofnunin er með virðisaukaskattskylda starfsemi og sér sjálf um skil virðisaukaskatts og var samræmi milli þeirra og bókhalds. Við endurskoðun kom fram að dæmi voru þess að tekjur vegna vörusölu og gjöld vegna vörukaupa féllu ekki á sömu virðisaukaskattstímabil. Stofnunin er meðvituð um þessa annmarka og vinnur að endurbótum.

5.2 Niðurstöður

Ríkiskaup fylgir lögum og reglum sem gilda um fjárreiður og bókhald hjá ríkisstofnunum.

6 Endurskoðun rekstrarliða

6.1 Sértekjur

Sértekjur námu 1.555,6 m.kr. og lækkuðu þær um 27,6 m.kr. frá fyrra ári eða 1,7%. Lækkunin stafar fyrst og fremst af því að hætt var við innheimtu á 1-2% veltupóknun af rammamningum en við það lækkuðu tekjur um 87,5 m.kr. miðað við árið á undan. Þrátt fyrir lækkun tekna vegna rammamninga hækkuðu aðrar tekjur um liðlega 100,0 m.kr. einkum vegna aukinnar sölu vegna innkaupaþjónustu Ríkiskaupa og hækkana vegna ábyrgðatrygginga bifreiða sem fara í gegnum Ríkiskaup.

Endurskoðunin var án athugasemda.

6.2 Launagjöld

Launagjöld og starfsmannakostnaður nam 262,5 m.kr. á árinu og lækkaði um 8,0 m.kr. milli ára eða 3,0%. Launakostnaður var borinn saman á milli ára og frávik greind. Ákveðið úrtak launa var skoðað sérstaklega. Ársverk árið 2017 voru 23,7 sem er fækkun um 1,8 ársverk milli ára. Við endurskoðun var staðfest að forstjóri fer mánaðarlega yfir launaafgreiðslur og staðfestir þær með áritun sinni. Launagjöld reiknuð á ársverk námu 10,9 m.kr. árið 2017 og hækkuðu þau milli ára um 3,8%. Endurskoðun launa var án athugasemda.

Breyting á orlofsskuldbindingu er nýr liður í launagjöldum. Að þessu sinni nam hann 74 þús.kr. til lækkunar á gjöldum og kom sambærileg lækkun fram í skuldum vegna orlofsskuldbindingar.

6.3 Annar rekstrarkostnaður og afskriftir

Rekstrargjöld voru borin saman á milli ára og helstu frávik yfirfarin. Samhliða greiningu rekstrarkostnaðar voru fylgiskjöl skoðuð og leitað skýringa. Önnur rekstrargjöld árið 2017 námu 1.388,8 m.kr. og hækkuðu um 79,1 m.kr. eða 6,0% frá fyrra ári. Hækkun annarra gjalda stafar einkum af aukinni innkaupaþjónustu Ríkiskaupa sem skilaði sér jafnframt í auknum tekjum stofnunarinnar. Hækkun bifreiðatrygginga ríkisins sem fara í gegnum Ríkiskaup vega þar þungt. Endurskoðun fylgiskjala og færslna leiddi í ljós minniháttar ábendingar til Ríkiskaupa um að samræma í framtíðinni vinnubrögð þannig að samskonar kostnaður væri ekki bókfærður á mismunandi kostnaðartegundir. Þá þarf að tryggja betur að viðskipti færast ekki milli virðisaukaskattstímabila.

Afskriftir námu 4,1 m.kr. á árinu 2017 en afskriftir voru nú færðar í fyrsta sinn í bókhaldi allra A-hluta stofnana ríkisins.

6.4 Niðurstöður

Minniháttar ábendingar komu fram við endurskoðun og var þeim komið á framfæri við rekstrarstjóra.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Efnahagsliðir voru endurskoðaðir með tilliti til starfsemi stofnunarinnar, breytinga á milli ára og stöðu einstakra liða eigna og skulda. Meðfylgjandi er samanburður á efnahag í árslok 2016 og 2017, ásamt stofnefnahagsreikningi, sem gerður var þann 1. janúar 2017 vegna breytinga á reikningskilareglum.

Í árslok 2017 námu eignir 332,1 m.kr., skuldir námu 309,3 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 22,8 m.kr.

Í m.kr.	2017	1.1.2017	2016
Eignir:		Stofnefnahagur	
Áhöld og búnaður	11,3	12,3	0,0
Viðskiptakröfur	61,2	142,9	274,4
Tengdir aðilar	174,3	131,5	0,0
Handbært fé	85,3	61,7	61,7
Eignir alls	332,1	348,4	336,1
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	22,8	-8,6	5,1
Ríkissjóður	0,0	0,0	103,1
Tengdir aðilar	101,1	120,4	0,0
Viðskiptaskuldir	177,8	210,0	227,9
Ýmsar skammtímaskuldir	30,4	26,6	0,0
Eigið fé og skuldir alls	332,1	348,4	336,1

7.1 Eignir

7.1.1 Breytingar á efnahag 1.1.2017

Sú breyting varð á reikningskilum þann 1. janúar 2017 vegna nýrra laga um opinber fjármál að eignfæra skal varanlega rekstrarfjármuni og uppfæra orlofsskuldbindingar. Í framhaldi af því var gerður nýr stofnefnahagsreikningur.

1. Eignfærðar voru 12,3 m.kr. vegna tækja og búnaðar en sama fjárhæð var einnig færð til hækkunar á eigin fé.
2. Skuldfærð var 26,0 m.kr. orlofsskuldbinding og var hún jafnframt færð til lækkunar á eigin fé.
3. Auk þess voru viðskiptareikningar flokkaðir á annan hátt en áður og urðu þá til nýjar tegundir viðskiptamanna svo sem tengdir aðilar.

Fjársýsla ríkisins sá um uppfærslu eigna og skulda í kjölfar breytinganna og byggði hún á fyrirliggjandi eignaskrá og upplýsingum úr launakerfi ríkisins. Ríkisendurskoðun hefur ekki endurskoðað tilvist eignanna en forstjóri Ríkiskaupa ber ábyrgð á stofnefnahagsreikningi og þar með uppfærslu eigna.

7.1.2 Áhöld og búnaður

Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál. Yfirlit yfir áhöld og annan búnað var unnið hjá fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins.

Árið 2017 var keyptur nýr búnaður fyrir 3,1 m.kr. sem kemur til hækkunar á eignum en afskriftir til lækkunar námu 4,1 m.kr. Áhöld og búnaður námu samtals 11,3 m.kr. í árslok 2017.

7.1.3 Viðskiptakröfur

Verulegar breytingar urðu á árinu 2017 á samsetningu viðskiptakrafna. Á árinu 2017 voru viðskiptareikningar flokkaðir sem almennar viðskiptakröfur eða viðskiptareikningar tengdra aðila en áður voru viðskiptakröfur flokkaðar á annan hátt. Staða viðskiptakrafna í árslok nam 61,2 m.kr. í árslok 2017. Kröfurnar voru að stærstum hluta vegna sölu á vöru og þjónustu til sveitarfélaga og aðila utan ríkiskerfisins. Við endurskoðun var gengið úr skugga um að samræmi væri á milli skulda samkvæmt fjárhagskerfi og sölukerfi. Þá voru kröfur aldursgreindar og höfðu flestar þær stærri verið greiddar í lok mars 2018.

7.1.4 Tengdir aðilar, ríkisaðilar

Í árslok 2017 var um að ræða kröfu að fjárhæð 174,3 m.kr. Þar af voru 148,3 m.kr. vegna sölu á vöru og þjónustu til ríkisstofnana. Stærsti hluti eða 101,2 m.kr. var vegna kröfu á Vegagerðina. Við endurskoðun var gengið úr skugga um að samræmi væri á milli krafna samkvæmt fjárhagsbókhaldi og sölukerfi og var endurskoðun án athugasemda.

Auk þess var um að ræða 26,0 m.kr. kröfu á ríkissjóð vegna leiðréttingar á orlofsskuldbindingu sem í upphafi árs var færð á eigið fé í stofnefnahagsreikningi. Í skýringu 11 með ársreikningnum kemur fram að Alþingi hafi ekki samþykkt framlag vegna orlofsskuldbindingarinnar en hún er færð á grundvelli yfirlýsingar fjármála- og efnahagsráðuneytis.

7.1.5 Handbært fé

Handbært fé nam 85,2 m.kr. í lok árs 2017 en í lok árs 2016 var staðan 61,7 m.kr. Farið var yfir bankaafstemmingar í árslok 2017 en samræmi var milli bankayfirlita og stöðu í bókhaldinu í árslok.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll Ríkiskaupa sýnir uppsafnaðan tekjuafgang gagnvart fjárveitingum. Í árslok 2016 var höfuðstóll 5,1 m.kr. Í stofnefnahagsreikningi hækkaði höfuðstóll um 12,3 m.kr. vegna uppfærslu áhalda og búnaðar en lækkaði um 26,0 m.kr. vegna uppfærslu orlofsskuldbindingar. Höfuðstóll í stofnefnahagsreikningi var því neikvæður um 8,6 m.kr. í upphafi árs 2017.

Á árinu 2017 var 26,0 m.kr. orlofsskuldbinding, sem færð hafði verið til lækkunar á eigið fé í stofnefnahagsreikningi, færð til baka sem viðskiptakrafa meðal tengdra aðila. Við það hækkaði eigið fé og varð jákvætt um 17,3 m.kr. Að teknu tilliti til tekjuafgangs að fjárhæð 5,5 m.kr. varð eigið fé jákvætt um 22,8 m.kr. í árslok 2017.

7.2.2 Tengdir aðilar, ríkisaðilar

Í árslok 2017 var um að ræða skuld að fjárhæð 100,1 m.kr. Meiri hluti skuldanna eða 81,0 m.kr. var vegna viðskiptareiknings við ríkissjóð og lækkaði skuldin um 22,1 m.kr. á árinu. Aðrar skuldir tengdra aðila voru vegna viðskipta við aðra ríkisaðila í A-hluta og námu þær 20,1 m.kr.

7.2.3 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir í árslok 2017 námu 177,8 m.kr. Þar af námu ógreidd gjöld 171,0 m.kr. en aðrar skuldir námu 6,8 m.kr. Við endurskoðun voru greiðslur í ársbyrjun 2018 til greiðslu viðskiptaskulda endurskoðaðar án athugasemda.

7.2.4 Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir námu 30,4 m.kr. í árslok 2017 en um er að ræða orlofsskuldbindingu vegna starfsmanna alls 25,9 m.kr., ógreidd laun vegna launaleiðréttingar alls 1,2 m.kr. og 3,3 m.kr. vegna virðisaukaskatts.

Frá og með árinu 2017 er orlofsskuldbinding gjaldfærð í rekstrarreikningum stofnana í A-hluta til samræmis við LOF. Á móti kemur skuldfærsla í efnahagsreikningi. Staðan var 25,9 m.kr. í árslok 2017 og hafði lækkað um 0,1 m.kr. frá uppfærslu í byrjun árs. Orlofsskuldbinding er yfirfarin hjá Fjársýslu ríkisins.

Ógreidd laun í árslok 2017 stafa eingöngu af leiðréttingu sem gerð var vegna afturvirkra ákvæða í kjarasamningum sem gerðir voru á árinu 2018. Um var að ræða leiðréttingu á launum ársins 2017 sem greidd var út 1. mars 2018.

7.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun efnahagsliða var án athugasemda.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Fyrir liggur staðfestingarbréf stjórnenda Ríkiskaupa um upplýsingar, skuldir og skuldbindingar vegna ársreiknings 2017. Ekki komu fram neinar upplýsingar í staðfestingarbréfinu sem breyta ársreikningi stofnunarinnar.

8.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggur yfirlýsing um óhæði þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem komu að endurskoðuninni.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is